



## Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

**Greinargerð sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þar sem fram kemur rökstudd afstaða sveitarstjórnar til álits Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum nýs Dettifossvegar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 5. mgr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.**

**Greinargerðin tekur eingöngu til veglína A og B á 1. áfanga að nýjum vegi, þeim hluta sem liggur innan stjórnsýslumarka Skútustaðahrepps.**

Árið 2001 skipaði Vegamálastjóri samráðsnefnd í því skyni að hyggja að tengingu þjóðvegur 1 við Jökulsá á Fjöllum og niður í Kelduhverfi (frá Hringvegi að Norðausturvegi). Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Skútustaða- Keldunes- og Öxarfjarðahrepps auk fulltrúa frá Vegagerðinni, ferðaþjónustunni og Umhverfisstofnun. Í upphafi voru nokkuð skiptar skoðanir um hvort vegurinn skyldi lagður vestan eða austan árinna. Alger samstaða náðist hins vegar um málið og á fundi samráðsnefndarinnar 12.12.2002 er lagt til að út frá byggða- og ferðaþjónustusjónarmiðum og til framtíðar litið, verði sem fyrst hafist handa við lagningu heilsársvegar með bundnu slitlagi að vestanverðu við Jökulsá með góðum tengingum að Dettifossi, Hólmatungum og Vesturdal.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur vegna umsóknar Vegagerðarinnar, dags. 13. desember 2006, um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu 1. áfanga Dettifossvegar samkvæmt “veglínu B, ásamt endurbyggingu bílastæðis við Dettifoss, lagningu 2,8 km. langs vegar að því og gerð áningarstaðar við stöð 16000” kynnt sér skýrslu um mat á umhverfisáhrifum nýs Dettifossvegar og telur að um sé að ræða þá framkvæmd sem lýst er í matskýrslu.

Sveitarstjórn er ekki sammála niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar samkvæmt leið B. Með þeim fyrirvara að það verði í samræmi við niðurstöðu þess máls sem nú er rekið hjá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála vegna synjunar Skipulagsstofnunar um meðmæli fyrir framkvæmdinni samþykkir sveitarstjórn að verða við umsókn um framkvæmdaleyfi. Rök sveitarstjórnar fyrir því að fara ekki að áliti Skipulagsstofnunar eru eftirfarandi:

### **Í fyrsta lagi.**

Í áliti Skipulagsstofnunar og matskýrslu kemur fram að fyrirhugað framkvæmda- og áhrifasvæði sé skilgreint sem náttúruverndarsvæði. Vitnað er í Svæðisskipulag miðhálandisins 2015 en þar segir m.a. í kafls 9.1.1. “*Hér er stutt lýsing á afmökun náttúruverndarsvæða í S.-Þingeyjarsýslu, sem eru auðkennd á skipulagsupprætti: 2. Ódáðahraun og Austurfjöll, Skútustaðahr. Um allan hreppinn gilda sérlög um Mývatn og Laxá frá 1974....*” Vegna þessa er ástæða til að benda á að lögunum um verndun Mývatns og Laxá var breytt árið 2004. Nú gilda lög nr. 97/2004 um verndun Laxár og Mývatns í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar segir:

## **2. gr. Gildissvið.**

*Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lög þessi til eftirtalinna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slyja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir, sbr. kort í fylgiskjali I með lögum þessum.*

*Þá taka löginn enn fremur til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár, sbr. kort í fylgiskjali II með lögum þessum.*

*Ákvæði laganna um gerð verndaráætlunar taka til Skútustaðahrepps alls, auk Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.*

## **6. gr. Verndaráætlun.**

*Umhverfisstofnun ber ábyrgð á því að gerð sé verndaráætlun fyrir landsvæði það sem um getur í 3. mgr. 2. gr. Skal þar m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruvænna, landnýtingu, umferðarrétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Verndaráætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, hagsmunaaðila og umhverfisverndarsamtök á svæðinu og stofnanir sem starfa lögum samkvæmt á sviði náttúruverndar, vatnsverndar og veiðinýtingar. Verndaráætlun skal endurskoða á fimm ára fresti. Tillögu að verndaráætlun skal auglýsa opinberlega og skulu athugasemdir hafa borist innan sex vikna frá birtingu auglýsingarinnar. Áætlunina skal birta sem auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þegar hún hefur hlotið staðfestingu umhverfisráðherra.*

Umrædd verndaráætlun hefur enn ekki litið dagsins ljós og því lítur sveitarstjórn svo á að ekki gildi önnur lög um fyrirhugað framkvæmdasvæði en náttúruverndarlög nr. 44/1999. Í skýrslu þar sem fram koma tillögur UST að verndarsvæðum í Skútustaðahreppi sem unnar voru vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár, er ekki sérstaklega getið um þetta svæði utan þess að nefnd er hugsanleg stofnun Þjóðgarðs norðan Vatnajökuls.

### **Í öðru lagi.**

Skipulagsstofnun vitnar einnig í viðauka E, með skýrslu nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls frá árinu 2004 þar sem segir: “...Vatnajökull ásamt vatnasviði Jökulsár á Fjöllum með Ódáðahrauni er einstætt svæði á heimsvísu. Eft.d. einhverjir hlutar svæðisins væru nýttir undir virkjanir eða þar yrði önnur stórtæk röskun af manna völdum myndi heildin glata sérstöðu sinni.” Vandséð er hvernig vegalagning að núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfum og bætt aðgengi að honum getur talist stórtæk röskun. Sveitarstjórn fellst á að landsvæði þetta er eins og mörg önnur svæði í Skútustaðahreppi, einstakt en bendir á að umrædd skýrsla hefur ekkert lögformlegt gildi.

### **Í þriðja lagi.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að það sé ekki rök gegn veglínu B að það sé vegur austan Jökulsár sem liggja nærri ánni á kafla. Slík rök séu a.m.k. léttvæg þegar metið er hvaða vegleið verði fyrir valinu vestan árinna. Ítrekað skal að alger samstaða náðist í fyrrnefndri samráðsnefnd, að út frá byggða- og

ferðaþjónustusjónarmiðum og til framtíðar litið yrði vegurinn lagður vestan árinna en vegur austan árinna yrði með hliðsjón af öryggissjónarmiðum lagfærður sem malarvegur. Við mat á vegstæði vega byggða- og ferðaþjónustusjónarmið þungt.

#### **Í fjórða lagi.**

Veglína B mun liggja næst Jökulsá á Fjöllum í 230-250 m. fjarlægð. Í frumvarpi til laga um Vatnajökulspjóðgarð er gert ráð fyrir að friðað verði 150-200 metra breitt belti meðfram ánni. Fyrirhugað vegstæði er því fyrir utan það. Tekið er undir með Vegagerðinni að lagning vegar samkvæmt veglínu B muni ekki hindra aðgengi gangandi ferðamanna meðfram Jökulsá og að unnt verði að ganga meðfram ánni án truflunar af umferð. Telja verði að upplifun af að ferðast á leið B verði jákvæðari en á leið A og hafi því jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu. Gæta verður þess að hugmyndir um stofnun þjóðgarðs hafi ekki íþyngjandi eða heftandi áhrif á aðra þjónustu eða atvinnustarfssemi í nágrenni við hann.

#### **Í fimmta lagi.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mótmælir því að Dettifossvegur skv. veglínu B, hafi neikvæð áhrif á framtíðarhugmyndir um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs, heldur telur þvert á móti að bætt aðgengi að helstu náttúrperlum svæðisins, sem gefi fleirum tækifæri til að njóta þeirra hafi mjög jákvæð áhrif bæði útfrá efnahagslegu tilliti og einnig með tilliti til þróunar ferðaþjónustu á svæðinu sem heilsárs atvinnugreinar.

#### **Í sjötta lagi.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er algjörlega ósammála því áliti Skipulagsstofnunar að Dettifossvegur skv. veglínu A hafi mun minni neikvæð áhrif en vegur skv. veglínu B. Veglína A mun verða nær Sveinagjá og gígum sem á henni eru og hugsanlega skerða möguleika til útivistar og kyrrðar á því svæði. Framtíðar gönguleið milli Dettifoss og Herðubreiðarlinda (á svæðinu milli Dettifoss og þjóðvegur) gæti allt eins orðið meðfram gígaröðinni Sveinum, eins og meðfram Jökulsá. En í dag eru engar skipulagðar gönguferðir á umræddu svæði. Dettifossvegur skv. veglínu A, færi um nær algróið land með tilheyrandi gróðurspjöllum, og er því engan vegin ásættanlegur kostur þegar hægt er að fara veglínu B sem færi um nær ógróið land, mela og hraun. Hafa ber í huga að úrkoma á svæðinu er með því allra minnsta sem þekkt á landinu og landeyðing viðvarandi vandamál. Í umsögn Landgræðslu ríkisins segir: *“þegar tekið sé tillit til landgræðslusjónarmiða séu veglínur B/B2 mun betri kostur en veglína A sem muni raska að stórum hluta grónu og uppgræddu landi og muni hætta á jarðvegsrofi þar aukast.* Sveitarstjórn er ósammála því að unnt sé með þeirri verktilhögun og frágangi sem Vegagerðin leggur til að draga nægilega úr eða bæta fyrir þau neikvæðu umhverfisáhrif sem veglína A mun hafa.

#### **Í sjöunda lagi.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps bendir á að jarðmyndanir þær sem eru syðst á veglínu B, og eru minjar um hamfarahlaup Jökulsár á Fjöllum njóta (skv. matsskýrslu bls. 148) engar sérstakrar verndar. Hins vegar er atburðurinn sem olli því að flóðið settist til merkilegur. Þá skal bent á að vegurinn fer aðeins yfir mjög lítinn hluta af hinu svonefnda flóðaseti. Sjá einnig umfjöllun um það í lokaorðum. Mestu umhverfisáhrif vegna náma á leið B eru talin vegna náma B9 og B10. Eins og fram kemur hér á eftir hefur Vegagerðin fallið frá efnisnámu B10 en auðvelt er að mati Vegagerðarinnar að laga ummerki eftir námu B9.

### **Í áttunda lagi.**

Frá því að skýrslan um mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegjar var lögð fram hefur Vegagerðin breytt veglínu B og fækkað efnistökuámun. Breytingin fellst í því að búið er að fella niður veglínur B1 og B2. Einnig hafa verið felld út efnistökusvæðin B-4, B-6, B-10, B-11, B12, og B-14. Í staðin hefur verið bætt inn efnistökusvæðunum B-13a og A-6. Skv. athugasemdum UST voru gerðar verulegar athugasemdir við þessi efnistökusvæði. Samt segir í áliti Skipulagsstofnunar á bls. 24. *“Skipulagsstofnun telur að tillögur Vegagerðarinnar um aðlögun leiða B/B2 og náma að landi ásamt verktilhögun og frágang muni **ekki draga úr** eða bæta fyrir þau neikvæðu áhrif sem munu hljóta af framkvæmdinni á jarðmyndunir, landslag, ásýnd svæðisins og verndargildi þess.”* Sveitarstjórn Skútustaðahrepps sýnist að skv. þessu hafi Skipulagsstofnun verið búin að gefa sér niðurstöðu í málinu fyrirfram og annað en leið A sé ekki til umræðu.

Skipulagsstofnun tekur sér í áliti sínu á mati á umhverfisáhrifum nýs Dettifossvegjar það vald að kveða upp úr um hvort umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu ásættanleg eða ekki. Fyrir slíkri niðurstöðu er ekki lagastoð samkvæmt núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hlutverk stofnunarinnar samkvæmt 11. gr. laganna takmarkast við að gefa álit á matsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum tiltekinnar framkvæmdar. Jafnframt er ámælisvert að Skipulagsstofnun skuli ekki í áliti sínu gera tillögur um mótvægisáðgerðir skv. leið B, telji hún þeirra þörf, eins og stofnuninni er þó skylt skv. landslögum.

### **Í níunda lagi.**

Skipulagsstofnun telur að Dettifossvegur skv. veglínu B, muni m.a. hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Það er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir munu breyta ásýnd svæðisins, hvort sem leið A eða B verður fyrir valinu. Öll vegagerð breytir ásýnd landsins, en neikvæð áhrif á ásýnd er afar huglægt mat og því veigalítill rök í þessu tilviki

### **Lokaorð.**

Á haustmánuðum 2006 fór sveitarstjórn Skútustaðahrepps ásamt Vegagerðinni í vettvangsferð um fyrirhugað framkvæmdasvæði. Eftir þá ferð styrktist sveitarstjórn enn meira í þeirri trú sinni að veglína B væri sú leið sem æskilegra væri að fara og á þá við, eins og fram kemur í matsskýrslu, að meginþorri leiðarinnar liggur um ógróíð land, mela og hraun. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er ekki þar með að gera lítið úr jarðfræðisögu svæðisins. Í sömu ferð var einnig kannað hvort hægt væri að færa vegstæði vesturfyrir flóðasetið, ef það mætti verða til þess að sátt næðist milli aðila þ.e. Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar annars vegar og Vegagerðarinnar og Skútustaðahrepps hins vegar. Unnin var tillaga þess efnis og lögð fyrir Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun sem töldu það engu breyta í afstöðu sinni. Það hlýtur að koma mjög á óvart miðað við það vægi sem umræddum jarðfræðiminjum er gefið.

Það er engum betur ljóst en Mývetningum, í hvers konar náttúruferlu þeir búa. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir sér vel ljósa ábyrgð sína að fara með skipulagsvald á svo viðkvæmu svæði. Ekki er hægt að einblína á ímyndaða framtíðarhagsmuni sem líta á vegagerð sem *“stórtæka röskun af manna völdum”* en það eru þau rök sem sett eru gegn leið B. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að leið

B sé jafngóður kostur og leið A út frá umhverfisverndarsjónarmiðum. En þegar allt er talið þá sé leið B betri kostur í stöðunni. Með breytingu á lögnum um verndum Mývatns og Laxár nr. 97/2004 taldi sveitarstjórn Skútustaðahrepps að nú yrði fyrirkomulag skipulagsmála í sveitarfélaginu með sama hætti og í öðrum sveitarfélögum þ.e. sveitarfélagið hefði skipulagsvaldið. Ekki er hægt við það að una ef svo er ekki í reynd. Að ganga gegn álit Skipulagsstofnunar er engin skyndiákvörðun af hálfu sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. En sveitarstjórn er sannfærð um að sú ákvörðun sé rétt.

Mývatnssveit 2. mars 2007

Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.